



Leiðsögunám á háskólastigi 2010-2011

Námsvísir



Leiðsögunám á háskólastigi

Almennar upplýsingar

Leiðsögunám á háskólastigi er námsbraut sem fyrst var boðin haustið 2008 við Endurmenntun HÍ. Námið er 60 eininga nám (ECTS) á grunnstigi háskóla og er kennt á tímabilinu ágúst 2010 til loka júní 2011. Kennð er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi og/eða verkefni áður en sú næsta hefst. Mögulegt er að taka námið hvort sem er í staðnámi eða fjarnámi. Í lok náms fá þeir nemendur sem lokið hafa öllum námskeiðum skírteini sem vottar þátttöku og frammistöðu í náminu. Námið er viðurkennt sem aukagrein með ferðamálfraði svo og við hugvísindasvið Háskóla Íslands.

Umsókn um námið má finna á www.endurmenntun.is

Nánari upplýsingar um námið veitir Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri í síma 525-4924.

Markmið námsins

Megináhersla er lögð á hagnýta þekkingu á sviði leiðsagnar með ferðamenn.

Námið miðar að því að nemendur:

- Geri sér grein fyrir eðli og starfsemi ferðapjónustu á Íslandi, ólíkum hópum og væntingum ferðamanna, ímynd lands og þjóðar ásamt þýðingu atvinnugreinarinnar fyrir þjóðarbúið.
- Öðlist skilning á samspili ferðamennsku og umhverfis, og geti metið áhrif ferðamennsku á umhverfi og samfélag.
- Hafi góða innsýn í sögu og menningu Íslands ásamt þróun íslensks samfélags og geti miðlað helstu þáttum til ferðamanna.
- Kunni skil á hlutverki og ábyrgð leiðsögumanns og þjálfist í hópstjórn og samskiptum við ferðamenn og aðila í ferðapjónustu.
- Hafi haldgóða þekkingu á helstu þáttum náttúrufars Íslands og geti miðlað þeirri þekkingu til ferðamanna.
- Þjálfist í skipulagðri miðlun fróðleiks við hæfi á völdu tungumáli og öðlist um leið aukinn sérhæfðan orðaforða sem tengist sögu, menningu og náttúru Íslands.

Fyrir hverja

Námið hentar þeim sem vilja búa sig undir starf leiðsögumanns á Íslandi með erlenda ferðamenn.

Inntökuskilyrði í námið eru:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Gott vald á íslensku.
- Fullt vald á því tungumáli sem umsækjandi hyggst nota í leiðsögn.
- Standast þarf inntökupróf í tungumálinu.

Endurmenntun HÍ áskilur sér þann rétt að bjóða upp á takmarkaðan fjölda tungumála í leiðsögunáminu hverju sinni. Sú ákvörðun tekur mið af fjölda umsækjenda með hvert tungumál. Eftir að umsóknarfrestur er liðinn verða umsækjendur boðaðir í inntökupróf.

Umsóknir eru metnar af fagraði.



Fagráð

Fagráð námsins skipa eftirtaldir aðilar:

- Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði við HÍ
- Ásgeir Eiríksson, fulltrúi frá Samtökum ferðaþjónustunnar
- Erna Guðrún Agnarsdóttir námstjóri hjá Endurmenntun HÍ
- Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri námsins hjá EHÍ
- Oddný G. Sverrisdóttir, dósent við Hugvísindasvið HÍ
- Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri
- Marion Lerner, varaformaður Félags leiðsögumanna

Einingar og námsvinna

Námið er 60 eininga (ECTS) nám á grunnstigi háskóla og spannar tvö misseri, auk ágúst og júnímánaðar. Gerðar eru kröfur um talsverða heimavinnu, þ.e. lestur og verkefnavinnu, í náminu. Námið er viðurkennt sem aukagrein með ferðamálafræði svo og við hugvísindasvið Háskóla Íslands.

Kennslutilhögun

Kennslu er þannig háttáð að kennt er eitt námskeið í einu sem lýkur með prófi og/eða verkefni áður en næsta námskeið hefst. Kennsla fer fram tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 16:10 – 19:55. Þar fyrir utan fer fram talþjálfun í smærri hópum sem hittast reglulega á hvoru misseri.

Á seinna misseri verða æfingaferðir farnar á laugardögum og farin verður sex daga hringferð um landið. Kostnaður vegna ferða er ekki innifalinn í verði námsins og verður innheimtur sérstaklega þegar að þeim kemur. Lögð verður áhersla á að halda ferðakostnaði í lágmarki.

Öll kennsla fer fram á íslensku að undanskildum talþjálfunartímum.

Námsmat og viðvera

Námsmat námskeiða byggir á verkefnavinnu og prófum. Gert er ráð fyrir 100% viðveru í ferðum.

Fjarnám

Námið er kennt samhliða í staðnámi og fjarnámi. Fjarnámið fer fram á netinu. Þátttaka er því hvorki háð búsetu né fjarfundabúnaði heldur getur hver og einn stundað námið frá nettengdri PC-tölvu. Upplýsingar um staðbundnar lotur verða gefnar síðar. Þeir sem hafa hug á að stunda fjarnám eru beðnir um að taka það sérstaklega fram í umsókn. Mikilvægt er að fjarnemar hafi aðgang að Skype.

Skyndihjálp

Á námstímanum taka allir nemendur 12 klst. skyndihjálparnámskeið. Námskeiðið er innifalið í skólagjöldunum.

Námsráðgjöf

Námsráðgjafi Endurmenntunar HÍ er Kristín Birna Jóhannesdóttir. Skrifstofa hennar er í Endurmenntun HÍ að Dunhaga 7 og er opin frá kl. 9:00 – 17:00 alla virka daga.

Nemendur geta bókað viðtal eftir samkomulagi í síma 525-5296 eða sent inn fyrirspurnir á netfangið namsradgjof@endurmenntun.is

Verð og greiðslufyrirkomulag

Verð er 595.000 krónur. Þegar nemandi hefur fengið inngöngu í námið er honum sendur greiðsluseðill fyrir staðfestingargjaldi sem er 50.000 kr. Staðfestingargjald dregst frá heildarverði. Í upphafi náms er gefinn út reikningur fyrir eftirstöðvum. Boðið er upp á Vísu lán og MasterCard staðgreiðslulán til allt að 36 mánaða. **Vinsamlega athugið að ekki er hægt að fá námskeiðsgjald fellt niður þótt nemandi hætti námi áður en námstíma lýkur.**

Vakin er athygli á að ýmis stéttarfélag veita styrki til náms.



Yfirlit yfir námskeið

1. misseri – haust 2010

Ferðapjónusta og áhrif ferðamennsku	8 ein.
Ferðapjónustan sem atvinnugrein, áhrif ferðamennsku, tegundir ferðamanna, upplýsingaveitur, markaðsmál og neytendafræði.	
Menning og saga	12 ein.
Saga og þróun, bókmenntasaga, Íslendingasögur, tónlist, myndlist, kvikmyndagerð, safnamening, þjóðháttafræði og fleira.	
Tungumál I	3 ein.
Talþjálfun, orðaforði og orðræða.	
Íslenskt nútímasamfélag	6 ein.
Skattar, trúmál, útrás, efnahagslíf, atvinnuvegir/markaður, innflytjendur, félagsfræði, stjórnmál, viðskiptalíf, mennta- og heilbrigðiskerfi, málefni fjölskyldunnar.	
Skyndihjálp – 12 klst	

2. misseri – vor 2011

Leiðsögumaðurinn	6 ein.
Hlutverk leiðsögumanns, hópstjórn, hópefli, leiðtogapjálfun, menningarmunur, trúarbrögð, sálgæsla, áfallahjálp, leiðsögutækni, framsögn, tjáning, frásagnarlist, raddbeiting, skipulagning ferða, áætlanir, réttindi og skyldur, öryggismál.	
Náttúra Íslands - jarðfræði	4 ein.
Jarðfræði s.s. jarðsaga, jarðfræði, veðurfarsfr., norðurljós.	
Náttúra Íslands – lífríki	4 ein.
Gróður og gróðurfar, dýralíf.	
Tungumál II	3 ein.
Talþjálfun, orðaforði og orðræða.	
Hringferð	4 ein.
6 dagar	
Ferðalandafræði Íslands.	8 ein.
Suðurland, Vesturland og Vestfirðir, Norðurland, Austurland, Reykjavík, Hálendið.	
Æfingaferðir	2 ein.
Reykjanes, Bláa lónið og Keflavíkurflugvöllur Gullni hringurinn Reykjavík	

Heildar einingafjöldi: 60 ein.



Ferðaþjónusta og áhrif ferðamennsku

Umsjón: Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði við Háskóla Íslands.

Meginviðfangsefni

Fjallað verður um upphaf og þróun ferðamennsku og ferðalaga í heiminum og á Íslandi. Kynnt eru lykilhugtök og kenningar í ferðamálafræðum og gefin innsýn í rannsóknaaðferðir ferðamálafræðinnar. Námskeiðið veitir nemendum innsýn í hegðun ferðamanna, upplifun þeirra og eftir hverju ferðalangar eru að sækjast á ferðalögum. Kynnt eru markaðsmál, söluferlar og starfsumhverfi ferðaþjónustu. Hugtakið þolmörk ferðamennsku er skoðað og áhrif ferðamennsku á umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Kynntar eru mismunandi tegundir ferðamennsku, s.s. náttúruferðamennska og fjallað um samspil manns og umhverfis. Sérstök áhersla er lögð á sjálfbæra ferðamennsku og möguleikar á að þróa slíka ferðamennsku hér á landi eru ræddir í ljósi skipulagningar og stjórnunar. Fjallað er um sögu náttúruverndar, gefin innsýn í náttúrusiðfræði og viðhorf og rætt um umgengni ferðamanna við náttúruna.

Kennarar

Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræðum Háskóla Íslands.

Rannveig Ólafsdóttir, dósent í ferðamálafræðum Háskóla Íslands.


Markmið

Að nemendur:

- Þekki helstu hugtök og kenningar í ferðamálafræðum og öðlist færni í að beita þeim rétt í mæltu og rituðu máli.
- Geti beitt þekkingu sinni til að leggja mat á helstu áhrif ferðamennsku á samfélag, umhverfi og efnahagslíf og geti túlkað þau áhrif í ljósi kenninga.
- Geti skilgreint helstu markhópa ferðaþjónustu og væntingar þeirra.
- Geti greint upplýsingar og viðhaldið þekkingu sinni um ferðamennsku m.a. með því að nýta sér helstu tölulegar upplýsingaveitur um ferðaþjónustu og innlend og alþjóðleg gagnasöfn.
- Öðlist skilning á samspili ferðamennsku og umhverfis.
- Öðlist heildstæða mynd af samspili mismunandi áhrifaþátta ferðamennsku á umhverfi.
- Átti sig á mikilvægi þess að leiðsögumenn stuðli að því að neikvæð áhrif ferðamennsku séu sem minnst og hagi sér þannig í starfi sínu.
- Þekki og skilji hugtakið þolmörk ferðamennsku og geri sér grein fyrir notkunarmöguleikum og takmörkunum hugtaksins við greiningu á áhrifum ferðamennsku.
- Fá innsýn inn í þróun umhverfisstjórnunar í ferðamennsku erlendis og hér á landi.
- Fá innsýn inn í siðfræði ferðamennsku og umhverfissiðfræði.
- Hafi tamið sér öguð og skipulögð vinnubrögð við úrlausn og kynningu verkefna með samnemendum sínum.

Námsmat

Hópverkefni og lokapróf.



Menning og saga

Umsjón: Marion Lerner, Dr.phil. menningar- og þýðingafræðingur, stundakennari við Hugvísindasvið HÍ.

Námskeiðslýsing

Fjallað verður um íslenska menningu og birtingarmyndir hennar frá upphafi fram á 21. öld. Nemendur fræðast um hversdagsmenningu þjóðarinnar í gegnum aldir, lífnaðarhætti hennar og efnismenningu og læra að skilja breytingarnar sem hafa átt sér stað.

Skoðaðir verða meginatburðir í sögu Íslands, sjálfsmynd þjóðarinnar og samskipti við aðrar þjóðir. Lögð verður áhersla á að skilja söguna út frá fræðilegu sjónarhorni og öðlast gagnrýna sýn á hvers konar söguskoðun. Þannig verður m.a. fjallað um hlutverk og hugmyndafræði þjóðríkisins síðan það birtist í sjónmáli á 19. öld, þróun nútímasamfélagsins á 20. öld, áhrif heimstyrjaldanna tveggja og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum.

Leitast við að skoða menninguna í öllum sínum birtingarmyndum án þess að einskorðast við einstök menningar svið. Farið verður yfir bókmennta- og listasögu Íslands, rifjað upp og dýpkað þekkingu á ýmsum bókmenntagreinum sem og á listgreinum á borð við myndlist, tónlist, byggingarlist, hönnun, leiklist, kvikmyndagerð og fleira.

Markmið

Að nemendur:

- Hafi þekkingu á sögu Íslands og geti tengt hana staðháttum.
- Hafi þekkingu á efnismenningu Íslendinga og hafi innsýn í varðveislu hennar, framsetningu og miðlun.
- Hafi þekkingu á bókmenntum og bókmenntasögu á Íslandi.
- Hafi þekkingu á íslenskri tónlist, myndlist, kvikmyndagerð, hönnun, leiklist og byggingarlist.
- Fá innsýn í þjóðsagnahefð á Íslandi.
- Hafi þekkingu á alþýðumenningu á Íslandi í fortíð og nútíð.
- Fá innsýn í hvernig menning hefur breyst og tekið á sig nýjar myndir í mismunandi samhengi.
- Öðlist hæfileika til að sjá hvernig margbreytileiki íslenskrar menningar birtist í umhverfinu og geti tengt saman atburði, sögur og arfleifð í frásagnir til handa ferðamönnum.

Kennsluhættir

Fyrirlestrar, umræðutímar og verkefni

Námsmat

Einstaklingsverkefni og ritgerð.



Tungumál I

Umsjón: Tungumálakennarar við Hugvísindasvið Háskóla Íslands.
Nánar tilkynnt í tengslum við hvert tungumál

Námskeiðslýsing

Á námskeiðinu verða nemendur þjálfaðir í að flytja stutt erindi um málefni er varða önnur námskeið á misserinu. Lögð verður áhersla á hnitmiðaða, lífliga frásögn sem er fræðandi og skemmtileg.

Markmið

Að nemendur geti tjáð sig munnlega á erlendu tungumáli um málefni er varða m.a. ferðaþjónustu á Íslandi, sögu Íslands, bókmenntir og listir.

Kennsluhættir

Munnlegar æfingar nemenda í tengslum við innihald annarra námskeiða í náminu. Nemendum verður skipt í hópa eftir tungumálum sem hittast með jöfnu millibili yfir misserið.

Námsmat

Þátttaka í tímum og munnlegt lokapróf.

Íslenskt nútímasamfélag

Umsjón: Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, félagsfræðingur og forstöðumaður Rannsóknastofu í vinnuvernd.

Meginviðfangsefni

Fjallað um íslenskt nútímasamfélag og þróun þess út frá lýðfræði, landfræði og stjórnmálafræði. Megináherslan verður á þjóðfélagið eins og það er í dag, það sem er efst á baugi hverju sinni. Farið er í þróun byggða og svæða ásamt helstu grunnhugtökum íslensks samfélags með áherslu á stjórnskipun þess; Alþingi, mennta- og menningarkerfi, heilbrigðis- og tryggingakerfi, skattkerfi, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög ásamt málefni fjölskyldunnar. Fjallað er um velferðarríkið, stjórnmálaflokka, kosningar, vinnumarkað, innflytjendur, hlutverk kynjanna og gerð og hlutverk fjölskyldunnar. Fjallað verður um íslenska vinnumarkaðinn, helstu þróunarlinur og megineinkenni ásamt því að staða Íslands verður skoðuð í ljósi hnattvæðingar.

Markmið

Að nemendur:

- Hafi undirstöðuþekkingu á samspili efnahagslífs, stjórnmála og félagsgerða í nútímanum.
- Þekki og geti útskýrt helstu stjórnskipulagskerfi sem mynda íslenska samfélagið s.s. Alþingi, heilbrigðis- og tryggingakerfi, skattkerfi, vinnumarkaðurinn, þjóðkirkjan og önnur trúfélög, ásamt þróun, gerð og hlutverk fjölskyldunnar.
- Þekki og geti útskýrt sérstöðu hinna ýmsu landshluta og byggðarlaga á Íslandi og fólksflutninga milli svæða.
- Þekki helstu hugtök og verkfæri lýðfræði við mat og skýringar á mannfjöldapróun, þróun atvinnuhátta og málefnum fjölskyldunnar ásamt því að geta nýtt sér helstu upplýsingaveitur til árlegrar uppfærslu tölulegra upplýsinga og breytinga á íslenska samfélaginu.

Námsefni

Í tímum og verkefnavinnu er stuðst við ýmsar fræðibækur, greinar, ljósritað efni sem og glærur fyrirlesara.

Námsmat

Dagbókarverkefni.

Hópverkefni: kynning í tíma.



Leiðsögumaðurinn

Umsjón: Helgi Guðmundsson leiðsögumaður og framhaldsskólakennari

Námskeiðslýsing

Farið verður í hópefli, hópstjórn, menningarmun og “hóplæsi”. Að auki fá nemendur þjálfun í leiðtogahæfni. Sérstaklega verður farið í samskipti við bílstjóra, hópstjóra og aðra samstarfsmenn. Einnig verður farið í rötun og notkun áttavita/staðsetningartækja (GPS), nauðsynlegan búnað og öryggismál. Nemendur læra framsögn, tjáningu og frásagnarlist, raddbeitingu og viðbrögð við óvæntum atburðum. Að lokum verður farið í markaðssetningu og skipulagningu ferða, ferðagögn, tímasetningar og tímastjórn.

Markmið

Að nemendur:

- Öðlist færni í að taka á móti og stjórna hópi ferðamanna.
- Þjálfist í samskiptum og viðbrögðum í hópvinnu.
- Kunni skil á skipulagningu og markaðssetningu ferða.
- Þekki undirbúning ferða, nauðsynlegan búnað og öryggismál.
- Þekki réttindi og skyldur leiðsögumanna.

Kennsluhættir

Fyrirlestrar, verkefni og umræður.

Námsmat

Námsmat verður byggt á fjölbreyttum verkefnum, bæði einstaklings- og hópverkefnum. Í námsmati námskeiðsins er m.a. dagsferð með Kynnisferðum sem nemendur skrifa skýrslu um og verklegur dagur í rötun og þverun straumvatna.

Náttúra Íslands - jarðfræði

Umsjón: Hreggviður Norðdahl, doktor og fræðimaður við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

Námskeiðslýsing

Farið verður yfir helstu þætti myndunarsögu Íslands og hlutverk innrænna og útrænna afla í þeirri sögu. Jafnframt verður fjallað um veðurfar og loftslag á Íslandi og áhrif þeirra þátta í myndunarsögu landsins. Veitt verður innsýn í tilurð norðurljósa, ásamt nýtingu náttúruauðlinda hér á landi. Sérstök áhersla er lögð á sérkenni íslenskrar náttúru, afleiðingar einangrunar og samspil hinna ýmsu umhverfisþátta sem áhrif hafa á mótun íslensks landslags og náttúrufars. Kennnd verður notkun handbóka af ýmsu tagi og jafnframt verður lögð mikil áhersla á jarðfræðilæsi nemenda með tengingu námsefnis við raunveruleg dæmi og verkefnum á vettvangi í nágreppi Reykjavíkur.

Markmið

Að nemendur:

- Öðlist grundvallarskilning á jarðfræði Íslands, myndun þess og mótun.
- Fá innsýni í veðurfarssögu landsins og myndun norðurljósa og geti tengt við staðsetningu landsins á norðurhveli.
- Skilji samspil ráðandi ferla í myndun og mótun lands.
- Öðlist heildstæða mynd á myndun Íslands og íslenskrar náttúru og geti sett Ísland í alþjóðlegt jarðsögulegt samhengi.
- Nái góðri færni í að lesa landið og tengja saman mismunandi umhverfisaðstæður og setja þær í landmótunarlegt samhengi.



Kennsluhættir

Fyrirlestrar, verkefni, umræður og vettvangsferð.

Námsmat

Námsmat verður byggt á verkefnum og lokaprófi.

Náttúra Íslands – lífríki

Kennarar:

- Gísli Már Gíslason, vatnalíffræðingur HÍ
- Guðrún Marteinsdóttir, fiskifræðingur HÍ
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, fuglafræðingur Náttúrufræðistofnun Íslands
- Páll Hersteinsson, dýrafræðingur HÍ
- Rannveig Thorodssen, líffræðingur Náttúrufræðistofnun Íslands
- Sigurður S. Snorrason, dýrafræðingur HÍ

Námskeiðslýsing

Fjallað verður um lífríki Íslands, uppruna, einkenni og sérstöðu. Farið verður í helstu flokka plantna og kjörsvæði þeirra og fjallað um þróun gróðurfarar hér á landi í gegnum jarðsögu landsins. Jafnframt er fjallað um hlutverk landhnignunar í gróðurfarssögu landsins og veitt innsýn í sögu landgræðslu og skógræktar. Enn fremur verður farið í ýmsar nýttjar plantna til matar, lyfjagerðar eða annars. Fjallað verður um íslensk húsdýr, innflutning þeirra og nýtingu í gegnum aldirnar, sem og villt spendýr á og við landið, veiðar þeirra og nýtingu. Áhersla verður lögð á fuglalíf á Íslandi, tegundir og kjörsvæði, og helstu fiskistofna ásamt fiskveiðum og þróun þeirra.

Markmið

Að nemendur:

- Öðlist grundvallarþekkingu á flóru og fánu Íslands.
- Þekki notagildi hinna ýmsu gróður- og dýrategunda í fortíð og nútíð.
- Geri sér grein fyrir sérstöðu Íslands og hvað það sé sem skapi þessa sérstöðu.
- Nái góðri færni í að lesa landið og tengja saman mismunandi umhverfisaðstæður og setja þær í náttúrufræðilegt samhengi.

Námsmat

Skrifleg verkefni og lokapróf

Tungumál II

Umsjón: Tungumálakennarar við Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Námskeiðslýsing

Á námskeiðinu verða nemendur þjálfaðir í að flytja stutt erindi um málefni er varða önnur námskeið á misserinu. Lögð verður áhersla á hnitmiðaða, líflega frásögn sem er fræðandi og skemmtileg.

Markmið

Að nemendur geti tjáð sig munnlega á erlendu tungumáli um málefni er varða m.a. jarðfræði, gróður og gróðurfar, dýralíf og íslenskt samfélag.

Kennsluhættir

Munnlegar æfingar nemenda í tengslum við innihald annarra námskeiða í náminu. Nemendum verður skipt í hópa eftir tungumálum sem hittast með jöfnu millibili yfir misserið.

Námsmat

Námsmat er byggt á þátttöku í tímum og lokaprófi.



Hringferð

Umsjón: Snorri Valsson leiðsögumaður og M.A. í alþjóðasamskiptum

Námskeiðslýsing

Farið verður í hringferð undir handleiðslu reyndra leiðsögumanna. Nemendur halda ferðadagbók yfir skipulag ferðar, tímasetningar, áhugaverða staði, upplifun á þjónustuþáttum og annað er viðkemur ferðinni. Einnig er farið í samræmingu á þeim þekkingarþáttum er snúa að leiðsögn, s.s. raddbeitingu, hljóðnematækni, frásagnartækni, staðreyndir, tungumálakunnáttu, þekkingarmiðlun, samstarf við bílstjóra og aðra samstarfsaðila, hópstjórn o.s.frv. Nemendur öðlast þjálfun í að fræða hlustendur sína með áhugaverðri og samfelldri frásögn.

Markmið

Að nemendur:

- Safni gögnum er nýttast mega í svæðafraeðslu og á hringferðum.
- Þjálfist og öðlist færni í leiðsögn.
- Flétti saman þekkingu sína í samfellda frásögn.

Kennsluhættir

Farin verður sex daga hringferð; Vesturland – Norðurland – Austurland – Suðurland. Hver nemandi flytur einn til tvo æfingapistla í ferðinni og leysa verkefni sem lögð eru fyrir á leiðinni auk þess að halda dagbók.

Námsmat

Námsmat er byggt á þátttöku, mati á frammistöðu og ferðadagbók.

Ath. nemendur greiða sjálfir kostnað við ferðina.

Ferðalandafræði Íslands

Umsjón: Snorri Valsson leiðsögumaður og M.A. í alþjóðasamskiptum

Landinu er skipt í 6 megin svæði: Höfuðborgarsvæðið, Vesturland, Norðurland, Austurland, Suðurland og hálendið. Farið verður í hvert svæði fyrir sig, myndunarsögu þess, búsetuþróun, sögu, atvinnuhætti, gróðurfar og dýralíf, sérkenni, samspil þessara þátta og hvaða áhrif þeir hafa á nútímasamfélagið. Nemendur fá heildarsýn á svæðið og þjálfast í að afla gagna miðla þekkingu sinni til ferðamanna.

Markmið

Að nemendur:


- Afli sér þekkingar varðandi einstaka landshluta og sérkenni þeirra.
- Fáir heildstæða mynd af hverju svæði og öllum þáttum þess.
- Fáir þjálfun í að afla sér upplýsingar um svæðisbundna ferðaþjónustu og afþreyingu.

Kennsluhættir

Fyrirlestrar, umræður og verkefni.

Námsmat

Námsmat er byggt á verkefnum.



Æfingaferðir

Farið verður í æfingaferðir í nágrenni Reykjavíkur undir handleiðslu reyndra leiðsögumanna. Farið verður í samræmingu á þeim þekkingarþáttum, er snúa að leiðsögn, s.s. raddbeitingu, hljóðnematækni, frásagnartækni, staðreyndir, tungumálakunnáttu, þekkingarmiðlun, samstarf við bílstjóra/hópstjóra, hópstjórn o.s.frv. Nemendur öðlast færni í að fræða hlustendur sína með áhugaverðri og samfelldri frásögn.

Markmið

Að nemendur:

- Þjálfist og öðlist færni í leiðsögn.
- Flétti saman þekkingu sína í samfellda frásögn.

Kennsluhættir

Námskeiðið byggir á þremur ferðum, Reykjanes, Gullni hringurinn og Reykjavík. Nemendur skiptast á að koma í hljóðnemann, dregið er jafnóðum um röð og skal hver nemi tala 1 – 2 sinnum í ferð. Nemendum er ætlað að sitja ferðina á enda þó að þeir hafi lokið sínum frásagnaræfingum.

Námsmat

Námsmat verður byggt á þátttöku og frammistöðumati.

Ath. nemendur þurfa að standa straum af kostnaði við æfingaferðirnar.